

# KJÖRDÆMAKEPPNI BSÍ 19. - 20. maí 2007

## RAMMAREGLUGERÐ

### 1. Keppnin verður spiluð í húsnæði Menntaskólans á Ísafirði

Spilað er í einni deild allir við alla. 1.borð spilar við 1. borð o.s.frv.  
Spilaðir eru 12 spila leikir án hálfleiks.

#### Laugardagur 19. maí:

Mótsetning	kl. 10.00
1. umf.	kl. 10.30 – 12:00
Hádegisverður – Fundur svæðaformanna	
2. umf.	kl. 12:50 – 14:20
3. umf.	kl. 14:35 – 16:05
Kaffi	kl. 16:05 – 16:30
4. umf.	kl. 16:30 – 18:00
5. umf.	kl. 18:15 – 19:45
Kvöldverður	kl. 19:45

#### Sunnudagur 20. maí:

6. umf.	kl. 10:00 – 11:30
7. umf.	kl. 11:45 – 13:15
Matur	kl. 13:15 – 13:45
8. umf.	kl. 13:45 – 15:15
9. umf.	kl. 15:30 – 17:00
Verðlaunaafhending	kl. 17:15

- Hvert svæði sendir 4 sveitir, með þeim takmörkunum að frá hverju félagi mega aðeins spila 10 í hverri umferð. Hvert svæðasamband sendir inn nafnalista með 16-24 spilurum.  
Reglur um varamenn eru mjög frjálssar. Fyrirliði stillir upp sínu liði að eigin vild, en þó ekki fleiri en 10 spilurum úr sama félagi, eins og fyrr segir.  
**Ef aðeins 3 eða færri félög spila innan svæðasambands er fjöldi spilara frá sama félagi ótakmarkaður fyrir spilara með minna en 150 gullstig.**
- Svæðastjórn ákveður hvernig sveitir eru valdar af viðkomandi svæði og raðar niður á borð. (A,B,C,D).
- Skráning félaga 31.12.06 segir til um hvar spilari er félagsbundinn og má hann aðeins spila fyrir það félag sem hann er skráður í þá.  
**Frestur hjá svæðastjórn til að skila nafnalista fyrir sínar sveitir er til mánudagsins 14. maí og skal sent með tölvupósti eða símbréfi til skrifstofu BSÍ. Nafnalistum þurfa að fylgja kennitölur og bridgefélag viðkomandi spilara**
- Spilað verður um 4 gullstig í leik.
- Keppnisgjald er 8.000 kr. á sveit og greiðist við upphaf keppni. Innifalið í keppnisgjaldi er kaffi/te báða dagana.
- Spilað verður um farandbikar sem Akraneskaupstaður gaf til keppninnar 1994 og verðlaunapeningar verða fyrir 1. sætið.

#### Töfluröð:

- N-Eystra
- BSÍ
- N-Vestra
- Vestfirðir
- Suðurland
- Vesturland

**7. Reykjavík**

**8. Austurland**

**9. Færeyjar**

**10. Reykjanes**

**Spilað er eftir hefðbundinni töfluröð.**